

## Fundargerð 282. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

<b>Dags.fundar:</b> 2.apríl 2019	<b>Tími:</b> 11:45-13:00	<b>Nr. fundar:</b> 282
<b>Fundarboðari:</b> ÞMÓ	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> Oddi

### Dagskrá:

- Aðalfundur 8.maí (fundarstjóri, ritari, lagabreytingar o.fl.)
- Undirritun ársreiknings fyrir fjárhagsárið 2018.
- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefni
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí
- Önnur mál

**Viðstaddir:** Jón Gunnar Borgþórsson, Gunnhildur Arnardóttir, Gyða Björnsdóttir, Þórunn María Óðinsdóttir, Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson, Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir, Jón S. Þórðarson, Berglind Björk Hreinsdóttir, Sigríður Harðardóttir

### Fjarverandi:

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

- **Aðalfundur Stjórnvísí 2019.** Aðalfundur Stjórnvísí verður haldinn í hádeginu 8.maí nk. á Nauthól og verður boðið upp á fisk dagsins í hádeginu. Einnig er hægt að velja kjúklingasalát eða annað salat.
  - Fundarstjóri verður Jón Gunnar Borgþórsson
  - Ritari verður Sigríður Harðardóttir
  - Lagabreytingar (lögð verður fram lagabreyting varðandi að allir í stjórn verði í aðalstjórn félagsins. Í dag eru 7 í aðalstjórn og 2 í varastjórn. Lögð er fram tillaga um að allir stjórnarmenn verði í aðalstjórn og kosnir til 2ja ára í senn).
  - Framboð: Eitt framboð hefur borist í embætti formanns fyrir starfsárið 2019-2020:
    - **Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir**, vörustjóri dagsferða hjá Kynniferðum. Aðalheiður hefur setið í stjórn Stjórnvísí sl. tvö ár og veitti hún faghópi um þjónustu-og markaðsstjórnun formennsku til fjölda ára.
    - Aðalstjórn: Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir aðilar kosnir til tveggja ára í aðalstjórn Stjórnvísí:
      - **Berglind Björk Hreinsdóttir**, mannauðsstjóri Hrafnistuheimilanna.
      - **Guðjón Örn Helgason**, sérfræðingur í mannauðsmálum hjá Reykjavíkurborg.
      - **Kristján Geir Gunnarsson**, forstjóri Kassagerðarinnar.
    - Önnur framboð í aðalstjórn og varastjórn (í stafrófsröð) sem kosið verður um á aðalfundi eru:
      - 1. **Jón Gunnar Borgþórsson**, vottaður stjórnendaráðgjafi (CMC – Certified Management Consultant) - kosinn í varastjórn 2018 og býður sig fram í aðalstjórn.
      - 2. **Sigríður Harðardóttir**, mannauðsstjóri Strætó. Kosin í varastjórn 2018 og býður sig fram í aðalstjórn 2019.
      - 3. X
      - 4. X
      - 5. X

- Kosið verður í fagráð félagsins. Eftirtaldir bjóða sig fram í fagráð félagsins:  
Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar (2018-2020)  
Jóhanna Þ. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri aðfangakeðju Innnes (2018-2020)  
Katrín Olga Jóhannesdóttir, formaður Viðskiptaráðs (2018-2020)  
X  
X
- Kosnir voru á aðalfundi tveir skoðunarmenn til 2ja ára 2018-2020
- Oddný Assa Jóhannesdóttir, endurskoðunarsviði KPMG (2018-2020)  
Guðný Helga Guðmundsdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarsviðs KPMG (2018-2020)
- Dagskrá aðalfundar  
Venjuleg aðalfundarstörf:
- Kjör fundarstjóra og ritara.
- Skýrsla formanns.
- Skýrsla framkvæmdastjóra.
- Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
- Breytingar á lögum félagsins.
- Kjör formanns.
- Kjör þriggja stjórnarmanna til næstu tveggja ára.
- Kjör tveggja varamanna í stjórn til næstu tveggja ára.
- Kjör fagráðs.
- Kjör skoðunarmanna reikninga.
- Önnur mál.
- **Trello:** Farið yfir stöðu verkefna og helstu áhersluverkefni stjórnar.
  - Áhersluverkefni stjórnar voru yfirfarin.
- **Fréttir af faghópum.** Í mars voru haldnir fjöldi funda og mikið er bókað í apríl og maí.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.**  
Ársreikningur hefur verið samþykktur af skoðunarmönnum og undirrituð af endurskoðanda og tveimur skoðunarmönnum hjá KPMG. Stjórn undirritaði ársreikninginn.
  - **Önnur mál.** Önnur mál rædd lítillaga
    - Stofnun nýs faghóps um málefni erlendra starfsmanna verður á morgun í Nauthól.